



Minnisblað starfsmanna (innra vinnuskjal)

Móttakandi: Velferðarnefnd Hornafjarðar

Varðandi: Ný staða barnaverndarþjónustu

Máls nr.:202201012

Dags.:13.01.2022

Höfundur: Erla Björg Sigurðardóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Með nýrri skipan barnaverndarþjónustu sem tekur gildi 28. maí 2022 verða pólitískt skipaðar barnaverndarnefndir lagðar niður. Í stað barnaverndarnefndar verður starfrækt barnaverndarþjónusta og umdæmisráð barnaverndar á vegum sveitarfélaga. Sérstök áhersla er lögð á fagþekkingu innan umdæmisráða barnaverndar. Fagleg sjónarmið eiga að ráða því hverjir veljast til ákvörðunartöku í barnavernd.

Með nýrri skipan barnaverndarþjónustu verða sett á lagginnar umdæmi barnaverndarþjónustu. Í umdæmi hvernar barnaverndarþjónustu skulu vera í það minnsta 6.000 íbúar. Sveitarfélög hafa samvinnu um barnaverndarþjónustu í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Heimilt er að víkja frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda, t.d. vegna landfræðilegra ástæðna, ef næg fagþekking er til staðar innan barnaverndarþjónustu og ef fyrir liggur samningur um umdæmisráð barnaverndar. Barnaverndarþjónusta skal þá í það minnsta hafa yfir að ráða sérhæfðu starfsfólki í tveimur stöðugildum og hafa aðgang að félagsráðgjafa, sálfræðingi, lögfræðingi og einum starfsmanni með annars konar uppeldismenntun. Ráðherra staðfestir samninga um samvinnu sveitarfélaga og veitir undanþágur vegna lágmarksíbúafjölda. Sveitarfélag Hornafjarðar hefur ekki í hyggju að sækja um undanþágu frá ofangreindum skilyrðum.

Undanfarna mánuði hefur umræða um nýja skipan barnaverndarþjónustu farið fram á fundum með Sambandi íslenskra sveitarfélaga og sviðsstjóra/félagsmálastjóra velferðarsviða sveitarfélaga um umdæmisráð. Þá hefur sviðsstjóri velferðarsviðs sveitarfélags Hornafjarðar átt samtöl annars vegar við sviðsstjóra/félagsmálastjóra Vestmannaeyja og Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu og hins vegar sviðsstjóra/félagsmálastjóra á norður og austurlandi um mögulegt samstarf um umdæmisráð. Samkvæmt samantekt samband íslenskra sveitarfélaga á tölfræði varðandi fjölda mála á landsvísu um úrskurðarmál í barnaverndarþjónustu er fjöldi slíkra mála á þann veg að líklega er mögulegt að hafa eitt umdæmisráð á höfuðborgarsvæðinu og eitt á landsbyggðinni og jafnvel eitt á öllu landinu. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um tilhögun umdæmisráða.